

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2021, þriðjudaginn 14. desember kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1144. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir, Edda Þórsdóttir og Erna Hrönn Geirsdóttir

Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Akrasel 6** (49.430.06) 113006 Mál nr. BN060330
Gunnhildur Björg Ívarsdóttir, Akrasel 6, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að afmörkunar á tveimur sérnotaflötum og einum sameignarfleti á lóð við hús á lóð nr. 6 við Akrasel.
Stærð er: Óbreytt.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi dags. 17. september 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
- Austurbakki 2** (11.198.01) 209357 Mál nr. BN060339
590815-0980 Cambridge Plaza Hotel Comp ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050485 þannig að brunamerkingum er breytt í efri kjallara og á 2., 3., 4., 5. og 6. hæð v/lokaúttektar í hóteli, mhl. 06, á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
- Austurhlíð 2** (12.717.06) 226331 Mál nr. BN060200
700707-0750 Byggingafélag námsmanna ses., Pósthólf 5480, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057551 þannig að brunavörnum og texta í byggingarlýsingu er breytt, gerð er grein fyrir breytingum á hurðargerðum, efnis- og litavali utanhúss, auk þess sem skráningartafla er leiðrétt og eignarhaldi geymslna er breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 2 við Austurhlíð.
Erindi fylgir minnisblað hönnuðar um undanþágu frá byggingarreglugerð vegna sorpskýlis dags. 23. nóvember 2021, minnisblað hönnuðar um undanþágu frá byggingarreglugerð vegna sjálfsvirknisopnunarbúnaðar inngangshurða dags. 23. nóvember 2021 og yfirlit breytinga, A3 afrit af aðaltekningum úr gagnagrunni hönnuðastimplað dags. 15. apríl 2020.
Gjald kr: 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

4. **Bakkastígur 8** (11.310.18) 217348 Mál nr. BN060332
670901-2110 Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins, Öldugötu 44, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja safnaðarheimili á tveimur hæðum auk kjallara, helsta burðarvirki, þ.e. undirstöður, botnplata, milliplate og útveggir er staðsteypt, en í þaki er stálbiti og sperrur, í kjallara eru stoðrymi, hol og undirgöng yfir í kirkju, á jarðhæð eru salerni, kaffitería og íbúð, á annarri hæð er salur og herbergi, mestur fjöldi í sal er 72 manns í húsi á lóð nr. 8 við Bakkastíg.
Stækkun er: 347,5 ferm., 1.544,4 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar dags. 2. desember 2021, afrit lóðarupprátt dags. 6. október 2021 og afrit hæðarblaðs ódagsett.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
5. **Bankastræti 5** (11.700.08) 101326 Mál nr. BN059972
520521-0700 B Reykjavík ehf., Njálsgötu 23, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, breytt nýting rýma í kjallara, eldvarnarhurð fjarlægð í starfsmannaáðstöðu, gaseldstæði og gasgeymsla fjarlægð, veitingaaðstöðu baka til breytt í aðstöðu fyrir uppöskun fyrir veitingahús/skemmtistað í flokki 3, teg. b, fyrir 130 gesti í húsi, á lóð nr. 5 við Bankastræti.
Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 5. nóvember 2021.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
6. **Barónsstígur 25** (11.743.26) 101661 Mál nr. BN060295
670515-0360 Matador ehf., Þingholtsstræti 15, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058640 þannig að hætt er við að auka lofthæð í risi, innra skipulagi kjallara er breytt og eignum fækkað úr þremur í tvær í húsi á lóð nr. 25 við Barónsstíg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
7. **Birkimelur 10-10B** (15.415.01) 106353 Mál nr. BN060337
Guðrún Sturludóttir, Birkimelur 10, 107 Reykjavík
Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að breikka hurðargat í burðarvegg um 30 sm innan íbúðar 01-0102 í húsi nr. 10 á lóð nr. 10A-10B við Birkimel.
Stærð: Óbreytt
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 18. nóvember 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Ófullnægjandi gögn. Vísað til athugasemda.

8. **Bjargarstígur 17** (11.841.05) 102015 Mál nr. BN060335
Fannar Snær Harðarson, Bjargarstígur 17, 101 Reykjavík
Hildur Sveinsdóttir, Bjargarstígur 17, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir fyrirhuguðum viðgerðum og breytingum, þ.e. anddyri á suðurhlið er hækkað og komið fyrir stiga, kvistur settur á norðurhlið með aðgengi út á þak til norðurs, múrhúðin verði fjarlægð af veggjum og gaflar klæddir listasúð á húsi á lóð nr. 17 við Bjargarstíg.
Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga hönnuðar dags. 1. desember 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
9. **Borgartún 26** (12.300.02) 102910 Mál nr. BN060307
Guðmundur Oddur Víðisson, Litla-Tunga, 276 Mosfellsbær
640809-0350 LF1 ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að sameina rými 0103, 0104 og 0105 og innrétta þar matvöruverslun á 1. hæð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 26 við Borgartún.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
10. **Brautarholt 2** (12.412.01) 103019 Mál nr. BN060340
670812-0810 Alma C ehf., Sundagörðum 8, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kaffihúsi, fl I, tegund e, fyrir 64 gesti, á fyrstu hæð í húsi á lóð nr. 2 við Brautarholt.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
11. **Bræðraborgarstígur 19** (11.370.07) 100639 Mál nr. BN060281
Egill Ásbjarnarson, Öldugata 35, 101 Reykjavík
Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að breikka hurðargat burðarveggs milli forstofu og stofu íbúðar 01-0201, stækkun gatsins nemur 130 sm og verður burðarvirki styrkt samhliða framkvæmd í húsinu Öldugata 35 á lóð nr. 19 við Bræðraborgarstíg.
Stærð er: Óbreytt.
Erindi fylgir Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. **Drafnarstígur 3** (11.342.15) 100341 Mál nr. BN060047
Þorsteinn Máni Hrafnsson, Kanada, Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til austurs ásamt því að breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 3 við Drafnarstíg.
Stækkun: 70,2 ferm., 224,5 rúmm.
Eftir stækkun: 215,4 ferm., 563 rúmm.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. júlí 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

13. **Faxafen 14** (14.662.01) 195611 Mál nr. BN059944
710815-2670 Theo fasteignafélag ehf., Reykási 16, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi hárgreiðslustofu á 1. hæð í rými 0101, komið er fyrir kaffistofu og snyrtingu í húsi á lóð nr. 14 við Faxafen.
Stærð er: Öbreytt.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
14. **Fjólugata 13** (11.851.09) 102147 Mál nr. BN059917
Tómas Kristjánsson, Fjólugata 13, 101 Reykjavík
Þóra Hrólfsdóttir, Fjólugata 13, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypa viðbyggingu með koparklæddu þaki og þakglugga, við suðurhlið íbúðarhúss á lóð nr. 13 við Fjólugötu.
Stækkun: 17,9 ferm., 50,7 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Fjólugötu 11A og 15 og Laufásvegi 44-46 frá 14. október til og með 11. nóvember 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar: Auður Geirsdóttir f.h. norska sendiráðsins dags. 11. nóvember 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
15. **Frakkastígur 27** (11.920.01) 102508 Mál nr. BN057766
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir nýrri flóttahurð í vesturenda, nýjum stiga upp fjórar hæðir í enda gangs í suðvesturenda, utanhúss stálstiga frá hársnyrtideild á 2. hæð á suðvesturhlið sem og breytingar á innra skipulagi, einnig er sótt um áður gerðar breytingar, samkvæmt yfirliti yfir breytingar, í húsi á lóð nr. 27 við Frakkastíg.
Erindi fylgir bréf hönnuðar, húsaskoðun dags. 1. nóvember 2021 og yfirlit breytinga mótt. 1. júlí 2020.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
16. **Gerðarbrunnur 20-22** (50.564.04) 206055 Mál nr. BN060334
Steinar Karlsson, Víkurbakki 22, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN038485, vegna lokaúttektar og eru breytingar þær helstar að húsið verður klætt með málmklæðningu en ekki málm- og timburklæðningu, stigi í garði nr. 20 færast að lóðarmörkum, svalahandrið verður klætt málmklæðningu og ýmsar aðrar smá breytingar á parhúsi á lóð nr. 20-22 við Gerðarbrunn.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
17. **Gerðarbrunnur 48** (50.547.03) 206062 Mál nr. BN060321
Guðlaugur Kristbjörnsson, Fjólúás 26, 221 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059648 þannig að innra skipulagi er breytt í einbýlishúsi á lóð nr. 48 við Gerðarbrunn.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

18. **Grensásvegur 13** (14.650.01) 105680 Mál nr. BN060260
540481-1729 Húsfélagið Grensásvegi 13, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi til að gera nýjar svalir á suður- og austurhlið 2. og 3. hæðar, setja nýja merkingu og klæðningu að hluta, á innra skipulagi húss á lóð nr. 13 við Grensásveg.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir skýringaruppdráttur hönnuðar dags. 9. nóvember 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
19. **Grettisgata 63** (11.742.15) 101618 Mál nr. BN059749
Jónas Maxwell Moody, Grettisgata 63, 101 Reykjavík
480774-0279 Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík
Sótt er um leyfi til þess að hækka ris, gera tvo kvisti á norðurhlið og svalir á suðurhlið, ásamt því að gera stiga frá 1. hæð upp í ris, ásamt ýmsum breytingum á innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 63 við Grettisgötu.
Stækkun: 0.0 ferm., 130,1 rúmm.
Erindi fylgir deiliskipulagsuppdráttur fyrir staðgreinireit 1.174.2 dags. 1. ágúst 2003 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðalteikningu stimplaðri 3. júlí 1947.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. ágúst 2021.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við fohheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
20. **Guðrúnartún 4** (12.162.03) 102755 Mál nr. BN058367
460707-1020 Guðrúnartún ehf., Kirkjutorgi 6, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri breytingu sem er að veggur sem áður skipti 1. hæð í tvö brunahólf hefur verið fjarlægður ásamt því sem ýmsar umbætur á brunavörnum hafa verið færðar inná uppdrætti af atvinnuhúsi á lóð nr. 4 við Guðrúnartún.
Stækkun, 0102, milliflötur: 47,7 ferm.
0103, milliflötur: 19,1 ferm.
Eftir stækkun: 660,5 ferm., 2.983,3 rúmm.
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir frá Eflu dags. 15. desember 2020 og skoðunarskýrsla SHS dags. 19. febrúar 2020.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

21. **Gufunesvegur 10** (22.260.01) 108956 Mál nr. BN060303
510588-1189 SORPA bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059861, í breytingunum felst að fjarlægja starfsmannaaðstöðu úr matshluta 04 og nýta starfsmannaaðstöðu í matshluta 02 fyrir starfsmenn verkstæðis í húsi á lóð nr. 10 við Gufunesveg.
Stærð er: Óbreytt
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttu samþykktir þann 5. október 2021.
Gjald kr.12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
22. **Gufunesvegur 10** (22.260.01) 108956 Mál nr. BN060304
510588-1189 SORPA bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkun, útliti og innra skipulagi mhl. 02, í breytingunum felst að notkun neðri hæðar verði breytt úr efnamóttöku í lager, breyta og bæta við gluggum og starfsmannaaðstöðu sem þjóna skal öllum starfsmönnum stöðvarinnar í húsi á lóð nr. 10 við Gufunes.
Stærð er: Óbreytt
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 30. nóvember 2021 og yfirlit breytinga unnið á afrit aðaluppdráttu sem samþykktir voru þann 10. apríl 2001.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
23. **Gullslétta 10** (34.533.504) 206644 Mál nr. BN060255
630217-1480 Lækjarmelur 10 ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja geymsluhúsnæði með 12 eignarhlutum, byggt úr límtré og stálklæddum steinullareiningum, á lóð nr. 10 við Gullsléttu.
Stærð hús er 1.200,0 ferm., 8.070,0 rúmm.
Erindi fylgir orkurammi dags. 19 nóvember 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

24. **Hamrahlíð 17** (17.141.01) 107254 Mál nr. BN060168
 470169-2149 Blindrafélagið, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að hækka húsið um eina hæð, 6. hæð, úr berandi stálrömmum og stálbitum, með léttum timburveggjum og pappaklæddu þaki auk þess sem 5. hæð verður breytt fyrir augnskoðunarstöð í húsi á lóð nr. 17 við Hamrahlíð.
 Stækkun: 462,2 ferm., 1.327,5 rúmm.
 Skyggni: B-rými er: 80,4 ferm., 199,4 rúmm.
 Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
25. **Hamravík 74** (23.524.06) 180136 Mál nr. BN060217
 Guðmundur Hoffmann Steinþórsson, Ólafsbraut 28, 355 Ólafsvík
 Sótt er um áður gerða framkvæmd sem felst í frágangi á lóðamörkum að nr. 72 ásamt því að koma fyrir saunaklefa á suðvesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 74 við Hamravík.
 Erindi fylgir samþykki lóðarhafa húss nr. 72 dags. 2. nóvember 2021 vegna frágangs á lóðamörkum.
 Mhl. 02, saunaklefi: 7,2 ferm., 17,3 rúmm.
 Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísad til athugasemda.
26. **Hesthál 14** (43.218.01) 111032 Mál nr. BN060324
 621297-7759 DENGSI ehf., Bolholti 4, 105 Reykjavík
 Sótt er um leyfi fyrir uppsetningu auglýsingaskiltis á steyptri undirstöðu á borgarlandi vestanmegin Lönguhlíðar, sunnan við gatnamót að Bólstaðarhlíð.
 Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 2. desember 2021.
 Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa.
27. **Hringbraut Landsp.** (11.989.01) 102752 Mál nr. BN059900
 500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN057438, vinnubúðir vegna byggingar meðferðarkjarna, vegna lokaúttektar sem eru þær helstar að tekinn er út tækjabúnaður úr mótuneyti þannig að ekki verður eldað á staðnum, aðstaða verktaka hefur verið fjarlægð af teikningu og í byggingalýsingu, lagergámur tekinn af teikningum auk breytinga á innra skipulagi á lóð Landspítalans við Hringbraut.
 Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísad til athugasemda.

28. **Hrísateigur 15** (13.601.10) 104512 Mál nr. BN059941
Þórir Józef Einarsson, Hrísateigur 15, 105 Reykjavík
Unnur Ragnarsdóttir, Hrísateigur 15, 105 Reykjavík
551294-2349 Þórir J. Einarsson ehf., Hrísateigi 15, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að stækka stofur allra íbúða til suðurs, lengja svalir á 1. og 2. hæð að nýbyggingu, einangra að utan og klæða með bárujárnri íbúðarhús nr. 15 við Hrísateig.
Stækkun: 40.3 ferm., 158.1 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 6. desember 2005.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2021.
29. **Jöfursbás 5** (22.204.02) 228385 Mál nr. BN060091
410321-1140 Jöfursbás 5 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús á þremur til fimm hæðum auk kjallara með 27 íbúðum sem tengist bílakjallara með matshlutanúmerið 01 á lóð nr. 5 við Jöfursbás.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. nóvember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. nóvember 2021.
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 8. nóvember 2021 og bréf hönnuðar dags. 17. nóvember 2021.
Stækkun er: 2.809,7 ferm., 9.370,3 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Samkomulag liggur ekki fyrir um aðkomu slökkviliðs- og neyðarakstur á borgarlandi.
30. **Jöfursbás 7** (22.205.01) 228386 Mál nr. BN060227
470920-2460 Jöfursbás 7 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058864 þannig að djúpgámar, sem áður voru skráðir sem hluti bílakjallara, mhl. 04, verða mhl. 05, við fjölbýlishús á lóð nr. 7 við Jöfursbás.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

31. **Kalkofnsvegur 1** (11.502.02) 100966 Mál nr. BN060121
560269-4129 Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi 1. og 2. hæðar, flóttaleiðar á jarðhæð, fjarlægja núverandi glerskálabyggingu á torgi og endurbyggja með þeirri breytingu og hækka byggingu upp um eina hæð á afmörkuðu svæði, jafnframt eru gerðar breytingar á eldhúsi, aðstöðu starfsmanna og uppfæra loftræsingu í húsi á lóð nr. 1 við Kalkofnsveg.
Stækkun er: 503,0 (611,1) ferm., 865,5 (2.209,6) rúmm. (Mismunur skráðra stærða, en hönnuðu getur um ranga skráningu)
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 11. nóvember 2021, greinargerð brunahönnuðar dags. 11. nóvember 2021 og bréf hönnuðar vegna vegna umsagna dags. 25. nóvember 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
32. **Kamsvegur 27** (13.542.01) 104279 Mál nr. BN060338
Jóhann Rúnar Kjartansson, Kamsvegur 27, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbygginu við austurhlið einbýlishúss á einni hæð auk kjallara, á lóð nr. 27 við Kamsveg.
Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.
Erindi fylgir ódagsett teikningaskrá.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Ófullnægjandi gögn. Vísað til athugasemda.
33. **Kvistaland 26 Leikskóli** (18.623.01) 108800 Mál nr. BN060194
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir fimm gámaeiningum sem hýsa eiga tímabundið stofur fyrir leikskóla sem er verið er að gera á endurbætur, á lóð nr. 26 við Kvistarland.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.

34. **Langagerði 22** (01.832.011) 108538 Mál nr. BN056643
Guðrún Hauksdóttir, Langagerði 22, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að bæta við tveimur kvistum á norður- og suðurhlið ásamt svölum og stiga niður í garð á 1. hæð í fjöleignarhúsi á lóð nr. 22 við Langagerði.
Erindi fylgir afrit af eldri teikningum samþykktum 27. nóvember 1980 og fyrirspurnarteikningum dags. 24. apríl 2019. umboð eigenda íbúðar 01-0101 dags. 23. september 2019 og samþykki meðlóðarhafa áritað á A3 afrit af teikningum A-100 - A-101 dagsettum 3. september 2019.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. október 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2019.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. september 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. september 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. september 2020.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 22. janúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. janúar 2021.
Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Langagerði 4, 6, 8, 20, 24, 30, 32 og 34 frá 3. nóvember 2020 til og með 1. desember 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kristján Brynjar Bjarnason og Björg Valgeirsdóttir dags. 1. desember 2020.
Stækkun: 1.8 ferm., 9.1 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
35. **Langholtsvegur 169** (14.700.04) 105690 Mál nr. BN060320
Snorri Petersen, Langholtsvegur 169A, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við 1. hæð, byggja saunaklefa og garðskýli, koma fyrir setlaug á lóð ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum kjallara undir parhúsi nr. 169A á lóð nr. 169 við Langholtsveg.
Erindi fylgir samþykki eigenda nr. 169 áritað á uppdrátt dags. 15. október 2021.
Áður gerð stækkun kjallara, A rými: ferm., rúmm.
Viðbygging, mhl. 02, A rými: ferm., rúmm.
Sauna, mhl. 03, A rými: 6,4 ferm., 14,5 rúmm.
Garðskúr, mhl. 04, A rými: 14,9 ferm., 40,7 rúmm.
Samtals stækkun: ferm., rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
36. **Laugavegur 103** (12.400.07) 102975 Mál nr. BN059896
Sigurður Sigurbergsson, Grundargata 94, 350 Grundarfjörður
Sóley Soffaníasdóttir, Grundargata 94, 350 Grundarfjörður
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, sameina baðherbergi og fataherbergi og koma fyrir þvottahúsi, setja aðgangsstýringu á lyftu, stigapallur 6. hæðar og stigi niður að millipalli er stúkuð af og gerð að hluta íbúðar 0601 í verslunar-, þjónustu- og íbúðarhúsi á lóð nr. 103 við Laugaveg.
Stækkun íbúðar: 5.0 ferm., 29.2 rúmm.
Erindi fylgir bréf umsækjenda dags. 13. september og samþykki húsfundar undirritað af stjórn húsfélagsins Laugavegi 103, dags. 13. september 2021 og A2 afrit af aðalteikningum samþykktum 26. janúar 2010.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

37. **Laugavegur 105** (12.400.05) 102974 Mál nr. BN060167
540621-1870 Hlemmur ehf., Fjallalind 102, 105 Reykjavík
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi 1.-5. hæða og kjallara. Í kjallara er komið fyrir geymslum fyrir allar íbúðir auk þvottahúss, á 1. hæð er komið fyrir hjólageymslu, sorpgeymslan er færð og gluggagat síkkað á suðausturhlið til að koma fyrir hurð inn í nýja sorpgeymslu, á 2. hæð er íbúðum fækkað úr 11 í 8, á 3.-5. hæð er komið fyrir 35 íbúðum ætlaðar undir rekstur á gististað í flokki II tegund g í húsi á lóð nr. 105 við Laugaveg.
Stærð er: Óbreytt.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afritum aðaluppdráttu samþykktir þann 7. október 2014.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Frestað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2021.
38. **Laugavegur 32** (11.722.13) 101468 Mál nr. BN060333
680518-0920 ET fasteignir ehf., Valshlíð 2, 102
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í íbúð 0201 í mhl. 02 á lóð nr. 32 við Laugaveg.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Ófullnægjandi gögn.
39. **Leiðhamrar 15** (22.928.06) 109002 Mál nr. BN060326
Guðmundur Þór Jóhannsson, Leiðhamrar 15, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að lækka gólf kjallara og innrétta þar tólmstundarými í einbýlishúsi á lóð nr. 15 við Leiðhamra.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. janúar 2021.
Stækkun: 100,3 ferm., 329,4 rúmm.
Eftir stækkun: 307,8 ferm., 1.048,1 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

40. **Leifsgata 28** (11.953.03) 102617 Mál nr. BN058846
Dóra Björt Guðjónsdóttir, Leifsgata 28, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta kvistum þannig að suðurhluti þaks er hækkaður og svalir stækkaðar auk þess sem sótt er um áður gerðar breytingar á íbúð 0401 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 28 við Leifsgötu.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 2 febrúar 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. mars 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. mars 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 29. mars 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. maí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. maí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2021.
Stækkun: 7,3 ferm., 68,7 rúmm
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Leifsgötu 24, 26 og 30, frá 10. nóvember 2021 til og með 8. desember 202. Engar athugasemdir bárust.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við fókheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
41. **Lerkihlíð 6** (17.824.10) 107531 Mál nr. BN060240
Hildur Björk Hafsteinsdóttir, Lerkihlíð 6, 105 Reykjavík
Guðmundur Friðgeirsson, Lerkihlíð 6, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, opna á milli aðalhæðar og kjallara og nýta kjallara sem hluta af húsinu, grafa frá vesturhlið, sameina stofu og borðstofu, sameina glugga og svalahurð í stóran glerflöt með rennihurð, grafa frá vesturhlið kjallara og koma fyrir þremur nýjum gluggum í einbýlishúsi á lóð nr. 6 við Lerkihlíð.
Stækkun: 47.8 ferm., x120.9 rúmm.
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. nóvember 2021, yfirlit breytinga á ómálsettum og ódagsettum teikningum Stáss arkitekta og yfirlit breytinga á afriti af aðalteikningum samþykktum 28. október 1982.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Ófullnægjandi gögn. Vísað til athugasemda.
42. **Lofnarbrunnur 2-4** (02.695.803) 206085 Mál nr. BN056520
Ólafur Magnússon, Ánaland 2, 108 Reykjavík
Magnús Kári Bergmann, Lofnarbrunnur 2, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN034834 v/lokaúttektar þannig að fyrirkomulagi á lóð hefur verið breytt og gerður stoðveggur og tröppur á lóðamörkum nr. 6 og lítills háttar breytingar verið gerðar á innra skipulagi parhúss á lóð nr. 2-4 við Lofnarbrunn.
Erindi fylgir bréf hönnuðar með skýringum dags. 24. júlí 2019 og samþykki lóðarhafa Lofnarbrunns 6 og 8 dags. 7. júní 2021.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

43. **Miðstræti 5** (11.832.03) 101944 Mál nr. BN060065
530112-0550 FÓ eignarhald ehf., Ármúla 24, 108 Reykjavík
Kristín Sigríður Reynisdóttir, Miðstræti 5, 101 Reykjavík
Valdimar Tryggvi Hafstein, Miðstræti 5, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera kvist og þaksvalir á austurhlið þriðju hæðar, stækka kvisti og sameina rými á annarri hæð, gera dyr út úr eldhúsi fyrstu hæðar að palli og tröppum til austurs og nýjar kjallaratröppur á austurhlið, bætt við hjólageymslu og timburpalli í suðaustur horni lóðar og sorpskýli komið fyrir við lóðarmörk til norðurs við hús á lóð nr. 5 við Miðstræti.
Stækkun er: 5 ferm., 18,1 rúmm.
Erindi fylgir yfirlitsmynd götुरeitar ódagsett, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 14. september 2021 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 6. september 2021. Samþykki eigenda aðliggjandi lóða dags. 25. nóvember 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
44. **Miklabraut 48** (17.011.05) 106959 Mál nr. BN060174
Hólmfríður S Svavarsdóttir, Miklabraut 48, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að lækka lóð, stækka gluggagat og koma fyrir útgangshurð með lítilli verönd og steiptum stoðveggjum og tröppum sunnan megin húss á lóð nr. 48 við Miklubraut.
Stærð : Óbreytt.
Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 20. október 2021 og umboð dags. 28. október 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
45. **Nauthólsvegur 81** (17.542.02) 225877 Mál nr. BN060270
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja sex deilda leikskóla úr forsmíðuðum stáleiningum fyrir 100 börn á lóð nr. 81 við Nauthólsveg.
Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Örug, verkfræðistofa dags. 8. nóvember 2021.
Stærð, A-rými: 848,9 ferm., 2.565,3 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

46. **Njarðargata 27** (11.866.14) 102310 Mál nr. BN060129
 590802-2390 ROR ehf, Frostabíngi 15, 201 Kópavogur
 Sótt er um leyfi til að koma fyrir innbyggðum svölum á rishæð og breyta innra skipulagi geymslu sem tilheyrir íbúð 0201 auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi 2. hæðar í húsi á lóð nr. 27 við Njarðargötu.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. nóvember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 22. nóvember 2021.
 Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi dags. 29. nóvember 2021.
 Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptaxfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við fohheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
47. **Nýlendugata 14** (11.311.08) 100166 Mál nr. BN059899
 651108-0550 J.E. Skjanni, byggingaverkt ehf, Stórhöfða 33, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að innrétta skifstofur á 2. hæð, breyta innra skipulagi á 3. og 4. hæð, bæta við svölum og byggja viðbyggingu með þaksvölum, úr léttu byggingarefni við hús á lóð nr. 14 við Nýlendugötu.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2021.
 Stækkun samtals: 35,3 ferm., 284,2 rúmm.
 Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
48. **Óðinsgata 19** (01.184.516) 102121 Mál nr. BN056675
 461212-1740 Arctic Tours ehf., Fornuströnd 8, 170 Seltjarnarnes
 Sótt er um leyfi til að gera upp núverandi hús og bæta við einni íbúð á 1. hæð þannig að 3 íbúðir verða í húsinu, tvær íbúðir á fyrstu hæð, ein íbúð á annarri auk þess verður gerður nýr kjallari undir hluta húss á lóð nr. 19 við Óðinsgötu.
 Erindi fylgir afrit af teikningu samþykkt 12. febrúar 1927.
 Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 16. september 2019, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 7. júní 2021 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 6. desember 2021.
 Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 30. nóvember 2021 og afrit af umsagnarblaði erindis með upplýsingum frá hönnuði ódagsett.
 Gjald kr. 11.200
Frestað
.Uppfærðum uppráttum vísað til skipulagsfulltrúa.

49. **Rauðalækur 71** (13.421.10) 103981 Mál nr. BN058387
 Ingimar Ísak Bjargarson, Rauðalækur 71, 105 Reykjavík
 Tilkynnt er um framkvæmd í íbúð kjallara, upphitunarkefi íbúðarinnar verður breytt úr ofnakerfi í gólfhita, í húsi á lóð nr. 71 við Rauðalæk.
 Erindi fylgir greinagerð lagnahönnuðar dags. 23. október 2020.
 Gjald kr. 11.200
Afgreitt.
50. **Rekagrandi 2-10** (15.122.01) 105768 Mál nr. BN060220
 Jón Sigurður Þórðarson, Rekagrandi 2, 107 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja burðarveggur á milli eldhúss og stofu er fjarlægður í íbúð 0401 í fjölbýlishúsi, við Rekagrandi 2, mhl.01 á lóð nr. 2-10 við Rekagrandi.
 Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 23. ágúst 2021, og fundargerð frá auka aðalfundi húsfélag dags. 4. nóvember 2021.
 Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Málið var samþykkt af byggingarfulltrúa 9. desember 2021. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
51. **Seljavegur 17** (11.332.09) 100239 Mál nr. BN059817
 590618-0470 Seljavegur 17, húsfélag, Seljavegi 17, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að setja stálsvalir á 2. og 3. hæð og koma fyrir svalahurðum í stað glugga á suð-austurhlið húss á lóð nr. 17 við Seljaveg.
 Leiðrétting, núverandi stærð húss: 324,3 ferm., 823,9 rúmm.
 Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 1. september 2021.
 Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við fókheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
52. **Silfratjörn 11** (50.523.02) 226831 Mál nr. BN060284
 610820-0500 Snjallverk ehf., Keldulandi 21, 108 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058453 þannig að staðsetningu sorps er breytt fyrir raðhús nr. 11, 13 og 15 á lóð nr. 11-15 við Silfratjörn.
 Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

53. **Skeifan 19** (14.651.01) 195606 Mál nr. BN060060
 510917-0730 SK10 ehf., Tunguhálsi 6, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að endurskipuleggja lóð, sameina mhl. 16, 17, 18 og 43 undir mhl. 02, breyta útliti, viðbygging til suðurs verður endurbyggð sem og þakform viðbyggingar til suðurs fært í svipað form og þak aðalbyggingar húss á lóð nr. 19 við Skeifuna.
 Stærðar breyting er: - 1.519,9 ferm., -3.563,3 rúmm.
 Erindi fylgir umboð dags. 12. janúar 2021 og skýringarmynd hönnuðar dags. 22. júlí 2008. Afrit bréfa vegna erindis er varðar afnot á landi utan lóðar frá 1992.
 Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 26. nóvember 2021.
 Gjald kr.12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við fokheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
54. **Skipholt 5** (12.412.08) 103026 Mál nr. BN059811
 500920-1060 VeV ehf., Ásapingi 11, 203 Kópavogur
 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun rýma 0201 og 0202, úr atvinnuhúsnæði/skrifstofum í tvær íbúðir með svölum á norðurhlíð 2. hæðar í atvinnu- og íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 5 við Skipholt.
 Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 20. ágúst 2021 og afrit af aðaltekningum samþykktum 30. október 1958 og 7. apríl 1998.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021.
 Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2021.
55. **Sogavegur 182** (18.310.10) 108502 Mál nr. BN060010
 Ásgeir Örn Hlöðversson, Logafold 27, 112 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að gera hurðargati í burðarvegg milli stofu og eldhúss íbúðar 01-0101 í húsi á lóð nr. 182 við Sogaveg.
 Stærð er: Óbreytt.
 Erindi fylgir útreikningur forsenda burðarvirkis ódagsett, afrit gildandi aðaluppdráttu, samþykki meðeiganda dags. 13. desember 2021 og yfirlit breytinga unnið á gildandi aðaluppdrætti sem samþykktur var þann 9. júní 1955.
 Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

56. **Suðurlandsbraut 16** (12.631.02) 103523 Mál nr. BN060331
420702-2480 Glitur ehf., Suðurlandsbraut 16, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir viðbyggingu til suðurs, undirstöður, botnplata og útveggir eru steinsteyptir en burðarvirki þaks er timbur, jafnframt er sótt um áður gerðar breytingar, þ.e. fyllt upp í útgangshurð 0206, breyting á innra skipulagi 0307, endurgerð og bætt við starfsmannaástöðu og bætt við björgunarleið út úr kaffistofu rýmis 0313 í húsi á lóð nr. 16 við Suðurlandsbraut.
Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
57. **Súðarvogur 9** (14.530.03) 105616 Mál nr. BN060276
470920-1490 SV 9-11 ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059020 og byggja steinsteypt fjögurra hæða fjölbýlishús með 30 íbúðum ofan á bílajakallara sem er sameiginlegur með húsi á lóð nr. 11, á lóð nr. 9 við Súðarvog.
Stærð, A-rými: 2.802,8 ferm., 8.923,9 rúmm.
B-rými 51,1 ferm.
Samtals á lóð: 4.212,6 ferm., 13.930,5 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
58. **Tjarnargata 11** (11.414.01) 100918 Mál nr. BN060343
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta salernisaðstöðu fyrir hreyfihamlaða á 2. hæð þar sem gerð verður rennihurð með rafdrifbúnaði, tveimur salernum eru breytt í eitt fyrir hreyfihamlaða og salerni fyrir hreyfihamlaða í miðjukjarna skrifstofubyggingar á 3. hæð er breytt til að uppfylla gildandi kröfur um algilda hönnun, í húsi nr. 11 við Tjarnargötu.
Skýrsla brunahönnuðar dags. 8. desember. 2021 fylgir erindinu og skýringarmynd af því sem verið er að gera.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
59. **Túngata 36A** (11.373.10) 100670 Mál nr. BN060325
Halldór Zoéga, Túngata 36A, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum sem eru þær að gluggi á norðurhlið hefur verið síkkaður og sett hurð og garðveggur hefur verið tekinn að hluta til að koma fyrir bílastæði auk þess sem sótt er um að gera svalir/pall með tröppum niður í garð, á lóð nr. 36 a við Túngötu.
Bréf hönnuðar dags. dags. 21. apríl 2021 fylgir.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

60. **Urðarbrunnur 21** (50.536.05) 211723 Mál nr. BN060267
631203-3290 Þver ehf., Skipholti 50B, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða staðsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á efri hæð og aukaíbúð á neðri hæð á lóð nr. 21 við Urðarbrunn.
Stærð, A-rými: 271,6 ferm., 824,4 rúmm.
Jafnframt er sótt um leyfi til að fella erindi BN059300 úr gildi.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2021.
61. **Úlfarsbraut 106** (26.985.09) 226802 Mál nr. BN058986
690405-0830 Selhóll byggingafélag ehf., Seljuskógum 6, 300 Akranes
Sótt er um leyfi til að byggja sex íbúða fjölbýlishús á þremur hæðum á lóð nr. 106 við Úlfarsbraut.
{Stærð: 688,5 ferm., 1.915,6 rúmm.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 9. apríl 2021, orkureikningur á fylgiblaði dags. 4. mars 2021, aðaluppdrættir nr. A.01.1, A.01.2, A.01.3, A.01.4, A.02.1, A.03.1, A.03.2 og A.04.1 dags. 9. mars 2021 og yfirlit breytinga á afriti af fyrri útgáfum.
{Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. apríl 2021.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
62. **Vesturgata 64** (11.301.13) 215389 Mál nr. BN060202
530614-0420 Hróður ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja mhl. 02, sem er 7 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 44 íbúðum á bílakjallara á lóð nr. 64 við Vesturgötu.
{Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá verkfræðistofunni Mannvit dags. 8. nóvember 2021 og minnisblað um sorphirðu dags. 22. nóvember 2021.
Stærð, A-rými: 5.473,9 ferm., 17.516,4 rúmm.
B-rými: 236,8 ferm.
Samtals: 5.710,7 ferm.
{Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. desember 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

63. **Þverholt 13** (12.441.07) 103184 Mál nr. BN060062
571091-1279 Sérverk ehf., Tónahvarfi 9, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt sex hæða fjölbýlishús með 38 íbúðum ásamt bílakjallara með 25 stæðum á lóð nr. 13 við Þverholt.
{Erindi fylgir greinargerð um hönnun brunavarna frá Eflu verkfræðistofu dags. 14. október 2021 og greinargerð aðalhönnuðar dags. 8. desember 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. nóvember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. nóvember 2021.
Stærð, A-rými: 4.261,4 ferm., 12.513,8 rúmm.
B-rými: 260,9 ferm.
Samtals: 4.522,3 ferm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.

Ýmis mál

64. **Brautarholt 26** (12.501.03) 103423 Mál nr. BN060353
Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að minnka lóðina, Brautarholt 26, í samræmi við meðfylgjandi uppdrætti sem eru dagsettir 10.12.2021.
Lóðin Brautarholt 26 (staðgr. 1.250.103, L103423) er 1235 m².
Teknir 175 m² af lóðinni og bætt við útvísaða landið (L218177).
Lóðin Brautarholt 26 (staðgr. 1.250.103, L103423) verður 1060 m².
Sjá deiliskipulagsbreytingu sem var samþykkt í skipulags- og samgönguráði þann 26.05.2021 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 21.06.2021.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fyrirspurnir

65. **Barmahlíð 29** (17.020.20) 107019 Mál nr. BN060336
Ásta Sigríður Kristjánsdóttir, Barmahlíð 29, 105 Reykjavík
Spurt er um álit byggingarfulltrúa á fyrirhugaðri byggingarleyfisumsókn, þar sem sótt yrði um leyfi fyrir að byggja ofan á núverandi hús á lóðum nr. 27 og 29 við Barmahlíð.
{Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 6. desember 2021 og afrit úrskurðar ÚUA dags. 17. nóvember 2020 sem ekki tengist umræddum lóðum.
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
66. **Orrahólar 7** (46.482.01) 111998 Mál nr. BN060285
561079-0139 Orrahólar 7, húsfélag, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík
Spurt er um leyfi til að skrá rými 0109 sem ósamþykkt íbúð í húsi á lóð nr. 7 við Orrahóla.
Stærð er: Óbreytt.
Erindi fylgir tölvupóstur fyrirspyrjanda dags. 22. nóvember 2021.
Neikvætt.
Sjá umsögn á umsóknarblaði.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 14:00.

Erna Hrönn Geirsdóttir
Nikulás Úlfar Másson
Edda Þórsdóttir
Jón Hafberg Björnsson
Vífill Björnsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir